

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarkaupstaðar vegna Lögmannshliðar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 24. júní 2015 breytingu á aðalskipulagi Akureyrarkaupstaðar 2005-2018, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 16. júní 2015.

Í breytingunni felst að kirkjugarður í Lögmannshlíð, svæði 1.43.2 O, er stækkaður til vesturs og suðurs. Afmörkun svæðis fyrir þjónustustofnanir í Lögmannshlíð, svæði 1.43.3 S, er breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 24. júní 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2015